

## Tillaga til þingsályktunar

um framkvæmdaáttak í vegamálum á árunum 2011–2013.

Flm.: Jón Gunnarsson, Bjarni Benediktsson, Ólöf Nordal,  
Árni Johnsen, Ásbjörn Óttarsson, Birgir Ármannsson, Einar K. Guðfinnsson,  
Kristján Þór Júlíusson, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Sigurður Kári Kristjánsson,  
Sigurður Ingi Jóhannsson, Tryggvi Þór Herbertsson, Þorgerður K. Gunnarsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að efna til framkvæmdaáttaks í vegamálum á árunum 2011–2013. Á því tímabili verði 22 milljörðum kr. varið til verkefnisins sem viðbót við þau verkefni sem hafa verið ákveðin með fjárlögum 2011.

Til að fjármagna verkefnið skulu gefin út ríkisskuldabréf sem verði greidd á árunum 2016–2026.

### Greinargerð.

Með tillögu þessari til þingsályktunar er lagt til að auknu fjármagni verði varið í vegaf framkvæmdir á næstu árum. Nauðsynlegt er að setja aukinn kraft í þær framkvæmdir en í tillögu þessari er átt við vegaf framkvæmdir að jarðgangnagerð undanskilinni. Eðlilegt er að samhliða þessu átaki hefjist framkvæmdir við jarðgangnagerð eins og rætt hefur verið. Fjöl- mörg verk eru tilbúin til útboðs, mörg þeirra var búið að bjóða út árið 2008 en framkvæmdum var frestað og öðrum sem voru tilbúin til útboðs var slegið á frest.

Þessi samdráttur í framkvæmdum hefur haft mjög alvarlegar afleiðingar fyrir verktaka- fyrirtæki í jarðvinnu og leitt af sér gjaldþrot fyrirtækja og fjöldauppsagnir starfsfólks. Vegagerðin hefur verulegar áhyggjur af því að þekking og reynsla í greininni muni líða mjög fyrir þann mikla samdrátt sem hefur orðið.

Meðfylgjandi er yfirlit yfir þau verkefni sem Vegagerðin segir hægt að hefja framkvæmdir við innan einhverra vikna eða mánaða (fjárhæðir í yfirlitinu eru ekki endanlegar). Yfirlitið er grunnur að þeim verkefnum sem líta skal til við ákvörðun á verkefnum sem ráðist verður í á grundvelli þessa framkvæmdaáttaks. Sérstaklega þarf einnig að nýta átakið til vegaf ramkvæmda sem auðvelda aðgengi að vinsælum ferðamannastöðum. Verkefnin sem hægt er að ráðast í með skömmum fyrirvara eru fjölbreytt og á mismunandi stöðum á landinu. Mörg verkefnanna eru brýn en við val á verkefnum og forgangs röðun þeirra á framkvæmdatím- anum þarf að líta til eðlilegrar dreifingar milli landshluta. Eðlilegt er við ákvörðun á því átaksverkefni sem hér um ræðir að þau verkefni sem þegar eru á vegáætlun njóti forgangs í framkvæmdaröðun.

Atvinnusköpun af áttakinu yrði mikil og má í því sambandi nefna að samkvæmt áætlun Samtaka atvinnulífsins mundu skapast yfir 500 störf við útboð á verkefnum að verðmæti 6 milljarða kr. sem ríkisstjórnin talaði um að bjóða út á fyrri hluta þessa árs. Ljóst má því vera að með slíku átaki sem hér er lagt til að ráðist verði í muni skapast á annað þúsund störf á næstu árum. Nokkur umræða hefur verið um sérstaka fjármögnum vegna einstakra vegaf ramkvæmda með veggjöldum. Flutningsmenn eru sammála um að ekki verði gengið lengra í

skattaálagum til samgöngumála en nú er orðið. Nýleg hækkun eldsneytisgjalds er ofaukin við þær erfiðu aðstæður sem ríkja í samfélaginu. Umræða og vinna við framtíðarskipulag á innheimtu skatta vegna samgöngumála má ekki verða til þess að tefja þær mikilvægu framkvæmdir sem hér er fjallað um. Slík umræða krefst tíma og frekari rannsókna. Þróun í bílaflota landsmanna til umhverfissvænni og eyðsluminni farartækja kallar á slíka úttekt.

### Yfirlit Vegagerðarinnar yfir möguleg útboðsverk fyrstu átta mánuði ársins 2011.

#### Suðursvæði

14.2.2011

Vegnr.	Kafli.	Vegheiti	Kaflaheiti	Lengd km	Kostn.	Aths.
1	d8	Hringvegur	Hamragilsvegur – Hveragerði	15,0	2.000	
26	04	Landvegur	Galtalækur – Landmannaleið	11,8	230	
204	02	Meðallandsvegur	Fossar – Syðri-Fljótar	7,7	110	
218	02	Dyrhólavegur	Dyrhólavegur2 – Dyrhólaey	4,3	70	
264	01	Rangárvallavegur	Akurbrekka – Stokkalækur	1,8	58	
264	02	Rangárvallavegur	Gunnarsholt – Fjallabaksleið	7,5	200	
268	01	Þingskálavegur	Heiði – Bolholtsskógur	7,5	200	
271	01	Árbæjarvegur	Kvistir – Árbakki	3,0	70	
286	01	Hagabraut	Landvegur – Heiðarbraut	4,0	210	
305	02	Villingaholtsvegur	Gaulverjabæjarvegur – Fljóts- hólar	6,0	140	
304	01	Oddgeirshólavegur	Hringvegur – Oddgeirshólar	4,8	50	
310	01	Votmúlavegur	Jórvík – Nýibær	2,2	120	
321	01	Skeiðháholtsvegur	Skeiðavegur – Skeiðháholt	1,7	20	
341	01	Langholtsvegur	Flúðir – Langholtskot	3,3	190	
350	01	Grafningsvegur neðri Hlíð	Grafningsvegur efri	4,3	70	
360	01	Grafningsvegur efri	Sogið – Grafningsvegur neðri	1,3	45	
366	01	Böðmódsstaðavegur	Laugarvatnsvegur – Böðmóds- staðir	2,3	40	
F26	11	Sprengisandsleið	Vatnsfellsvirkjun	3,5	42	
<b>Samtals</b>					<b>3.865</b>	

#### Suðvestursvæði

Vegnr.	Kafli	Vegheiti	Kaflaheiti	Lengd km	Kostn.	Aths.
1	e3	Hringvegur	Bæjarháls – Nesbraut	1,3	250	
40	03-04	Hafnarfjarðarvegur	Gatnamót við Vífilsstaðaveg		400	
		Hafnarfjarðarvegur	Ýmsar aðgerðir, bætt um- ferðarflæði		200	
41	14-15	Reykjanesbraut	Kaldárselsvegur – Krýsuvík- vegur	2,9	2.600	
	15		Undirgöng við Straumsvík		140	
	21		Undirgöng við Grænás		100	

48	02-11	Kjósarskarðsvegur	Vindás – Þingvallavegur	10,0	400
411	05	Arnarnesvegur	Reykjanesbraut – Fífuhammsvegur	1,8	1.100
413	01	Breiðholtsbraut	Göngubrú við Norðlingaholt		100
415	04	Álftanesvegur	Hafnarfjarðarv. – Bessastaðav.	4,0	800
<b>Samtals</b>					<b>6.090</b>

**Norðvestursvæði**

Vegnr.	Kafli	Vegheiti	Kaflaheiti	Lengd km	Kostn.	Aths.
1	g5	Hringvegur	Um Borgarfjarðarbrú	2,3	60	
1	m5		Vatnshlíð – Valadalsá	1,5	110	
50	04	Borgarfjarðarbraut	Reykjadalsá	1,7	280	
54	05	Snæfellsnesvegur	Haffjarðará	1,0	344	
60	33	Vestfjarðavegur	Eiði – Þverá		3.000	
61	38	Djúpvegur	Súðavíkurhlíð		50	Snjóflóð
62	03	Barðastrandarvegur	Hrísnesá		20	Ræsi í stað brúar
68	10	Innstrandavegur	Þorpar – Hvalvík	3,4	210	
505	01	Melasveitarvegur	Hringvegur – Bakkanáma	1,5	36	
508	02	Skorradalsvegur	Hvammur – Dagverðarnes	2,6	150	
509	02	Akranesvegur	Undirgöng hjólandi og reiðmenn		35	Öryggisadgerð
522	03	Þverárhliðarvegur	Hjarðarholt – Borgarfjarðarbraut	3,6	107	
550	04	Kaldadalsvegur	Langjökulsvegur – Hálsa-sveitarvegur	7,3	Óvíst	
643	02	Strandavegur	Djúpvegur – Geirmundarstaðarvegur		457	
704	01	Miðfjarðarvegur	Hringvegur – Staðarbakki	4,5	150	
724	01	Reykjabraut	Hringvegur – Svínvetningabraut	7,2	164	
746	01	Tindastólsvegur	Þverárfjallsvegur – skíðasvæði	4,0	85	
752	03	Skagafjarðarvegur	Hafgrímsstaðir – Stekkjarholt		165	
5750	01	Kvíabryggjuvegur	Snæfellsnessvegur – Kvíabryggja	2,26	35	Héraðsvegur
<b>Samtals</b>					<b>5.458</b>	

**Norðaustursvæði**

Vegnr.	Kafli	Vegheiti	Kaflaheiti	Lengd km	Kostn.	Aths.
1		Hringvegur	Vaðlaheiðargöng		10.700	
	r5		Um Jökulsá á Fjöllum	2,6	950	
	s6		Ysta Rjúkandi (brú)	1,0	180	
	t7		Vatnsdalsá – Axarvegur	6,0	330	
	u4		Berufjarðarbotn (þverun)	4,6	770	
82	05	Ólafsfjarðarvegur	Snjóflóðavörn við Sauðanes 1. áfangi		50	
87	02	Kísilvegur	Frá slitlagsenda til norðurs	3,1	120	
92	09	Norðfjarðarvegur	Norðfjarðargöng		10.500	
96	01	Suðurfjarðavegur	Fáskrúðsfjarðarbotn	2,5	350	
807	01	Skíðadalsvegur	Skáldalækur – Brautarhóll	3,6	145	
	01		Hofsá – Ytra Hvarf	3,4	120	
815	01	Hörgárdalsvegur	Skriða – Brakandi	4,0	200	
816		Dagverðareyrarvegur	Helluland – Gásir	1,2	25	
826	01	Hólavegur	Gnúpufell – Arnarfell	4,7	110	
842	01	Bárðardalsv. vestri	Hringvegur – Hlíðarendi	10,8	240	
854	01	Staðarbraut	Aðaldalsvegur – Laxá	4,5	120	
862		Dettifossvegur	Dettifoss – Norðausturvegur	30,0	1.700	
917		Hlíðarvegur	Fossvellir – Hallgeirsstaðir	8,0	250	
923		Jökuldalsvegur	Gilsá – Arnórsstaðir	3,4	120	
<b>Samtals</b>					<b>26.980</b>	
<b>Samtals allt landið</b>					<b>42.393</b>	